Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

8. tölublað Þriðjudagur 20. febrúar 1979 8. árgangur verð kr. 100.-

Ríkisstjórnin þjónar atvinnurekendum

Ríkisstjórnin sem nú situr í löggjafarsamkundunni kennir sig við launafólk í landinu og segist verja hagsmuni þess. En litríkur valdatími hennar hefur svo sannarlega verið á annan veg. Kjaraskerðingar, samningsbrot, skattaálögur, samdráttur í opinberri þjónustu, svikin loforð, uppsagnir, atvinnuleysi og dýrtíð er það sem einkennt hefur valdatíð núverandi stjórnar. (Ekki þó svo að skilja að þær fyrri hafi verið hótinu betri).

Ríkisstjórnin sammála um að lækka verði kaupið.

Mikið fjaðrafok varð á Alþingi nú fyrir skömmu vegna efnahagsmálastefnu Framsóknarflokksins. Upphlaup Ólafs Jóhannessonar þá bar mjög keim af upphlaupi kratanna í desember.

Í desember var gerð "málamiðlun" við krata um kjaraskerðingu og samningsbrot.

Næst ætlar Alþýðubandalagið að makka bæði við framsókn og krata um kauplækkun og samningsbrot.

Allir þingflokkarnir eru sammála um að skerða verði kjör launafólks. Þeir eru bara ekki sammála um hvernig á að fara að því. Um það standa deilurnar.

Hve mikið á skerða þau er líka spursmál. Sumir vilja ganga lengra en aðrir.

Allir eru þeir sammála um að falsa þurfi kaupgjaldsvísitöluna enn meira. Þannig verða verðbætur á laun hlutfallslega minni hverju sinni.

Allir eru þeir sammála um að skerða eigi enn frekar lýðræðið í verkalýðshreyfingunni. Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur vilja allsráðandi kjaramálaráð sem sjái um kjarasamninga verkalýðshreyfingarinnar. Alþýðubandalagið vill aukið alræði forystumanna stærstu verkalýðssamtakanna.

Það sárnar Alþýðubandalagsforkólfunum mest að ekki skyldi vera haft samráð við þá um gerð frumvarpsdraganna. Ásæðan er eftirfarandi:

Frumvarp Ólafs túlkar á opinskáan hátt kjararánsstefnu núverandi stjórnar. Það afhjúpar svikin við verkalýðsstéttina og þjónkun ríkisstjórnarinnar við auðvaldið.



"Vinstri" stjórnin skipuleggur arðránið fyrir atvinnurekendur.


Auðvaldið fleytir rjómann ofan af.

Stefna ríkisstjórnarinnar hefur þjónað auðvaldinu það vel að Sjálfstæðisflokkurinn hefði varla gert betur. Atvinnurekendur hafa fengið sitt fram á silfurbakka. Verkföll angra þá ekki lengur né aðrar hugsanlegar baráttuaðgerðir sem verkalýðshreyfingin hefur gripið til.

Nú eru stóru verkalýðs-

framhald á síðu 3

Mæðraheimili eða Range Rover



SJÁ SÍÐU 3...

Verð-hækkun á olíu



SJÁ BAKSÍÐU...

Háskóli Íslands: Vísindastofnun eða hvað?

Undanfarið hefur ljót auglýsing skartað á hliðum strætisvagna í Reykjavík. Um er að ræða auglýsingu frá Happdrætti Háskólans, sem gengur þvert á þá stefnu Stúdentaráðs, að nám við HÍ skuli vera í þágu alþýðunnar í landinu sem kostar nám stúdenta, en ekki, eins og segir í auglýsingunni, í þágu atvinnuveganna, þ.e. í þágu atvinnurekenda. Auglýsingin ásamt grein sem birtist um málið í Stúdentablaðinu, er birt hér á eftir.

framhald á síðu 3



Guðlaugur Þorvaldsson, rektor Háskóla Íslands.

Kínverjar svara síendurteknum árásum Víetnama

Kínverjar hafa hafið gagnárás gegn víetnam vegna síendurtekinna árása víetnama við landamærin.

Víetnamar hafa undanfarin tvö ár verið með fjandskap við landamærin. Undanfarna mánuði hafa þessar aðgerðir farið vaxandi og árásir víetnama orðið tíðari og grófari. Gegnárás kínverja beinist að því markmiði að stöðva þessar árásir víetnama.

Fjöldi kínverskra landamæravarða og almennra borgara hefur látið lífið í þessum árásum víetnama. Frá því í ágúst hafa víetnamar gert 705 árásir á 102 stöðum við landamærin og drepið um 300 kínverja Framleiðslustörf í landamærahéruðum Kína hafa truflast.

Víetnamar hafa bæði beitt skotárásum yfir landamærin og sent herflokka yfir landamærin, gert þar árásir og sett niður jarðsprengjur.

Frá því í des. sl. hafa árásir víetnama aukist. Skv. upplýsingum Stéttbaráttunnar voru gerðar a.m.k. sjö árásir frá 10. til 23. desember.

Dagana 10. og 13. des. var árás víetnama beint yfir landamærin við Hsiashih í Kwangsi. Þeir fóru um 800 metra inn í landið. Þann 14. gerðu þeir árás á svipuðum stað. Einn kínverji féll og nokkrir særðust.

Þann 11. des. var gerð árás á Maluthang svæðið í Yunnan. Dagana 12.,13. og 16. des. voru svipaðar árásir gerðar.

Þann 23. desember gerðu víetnamar árás á svæði umhverfis Ping Er Pass. Níu landamæraverðir létust eða særðust.

Mótmæli kínverskra yfirvalda.

Kínversk yfirvöld hafa hvað eftir annað mótmælt þessum og viðlíka árásum á kínverskt land og íbúa.

Þann 24. des. sendi kínverska ríkisstjórnin mótmæli þar sem meðal annars er skorað í víetnömsk yfirvöld að taka aðvaranir kínverja til greina en skella ekki skollaeyrum við þeim. Einnig er krafist þess að víetnamar láti af þessum árásum. Í lok mótmælaorðsendingarinnar er sagt orðrétt:" Að öðrum kosti munu víetnömsk yfirvöld bera alla ábyrgð á atburðum sem af þessu kunna að rísa."

Víetnamar halda uppteknum hætti.

Víetnamar héldu hins vegar uppteknum hætti og árásirnar jukust sífellt.

Þann 29. janúar gerðu þeir til dæmis árás . Þeir réðust á kínverska landamæraverði úr launsátri, drápu einn og særðu nokkra. Auk þess lögðu þeir jarðsprengjur á kínversku landi. Árásir voru gerðar allan daginn á ýmsum stöðum og var haldið áfram daginn eftir.

Frá mánaðamótum hafa árásir víetnama harðnað og þeim fjölgað.

Gagnárás kínverja.

Þar eð víetnömsk yfirvöld hafa ekki tekið aðvaranir kínverja til greina en heldur aukið árásir sínar hafa kínversk yfirvöld neyðst til að grípa til gagnárásar.

Sl. laugardag gerðu kínverskir herflokkar árás inn í Víetnam til að binda endi á síendurteknar árásir víetnama

Tilgangur kínverja er að tryggja landamærin og koma í veg fyrir áframhaldandi árásir víetnama. Kínverjar munu ekki leggja undir sig þumlung lands víetnama heldur eru þeir einungis að tryggja landamæri sín og munu snúa aftur að því loknu.

Í yfirlýsingu kínversku ríkisstjórnarinnar, sem verður gerð nánari skil í næsta blaði, segir m.a.:" Við kærum okkur ekki um þumlung af víetnömsku landi en þolum heldur ekki síendurteknar árásir í kínverskt land. Við sækjumst einungis eftir friðsamlegum landamærum......Víetnamar sem eru studdir og hvattir af Sovétríkjunum hafa misskilið friðarviðleitni kínverja ef þeir halda að hernaðarárásum verði látið ósvarað af hálfu kínverja."

LEIÐARI Stuðningur Alþýðubandalagsins við kjaraskerðinguna

Það er nú orðið ljóst að aðgerðir ríkisstjórnarinnar 1. des. sl. í efnahagsmálum voru ekki undantekning eða bráðabrgðaráðstafanir vegna sérstakra erfiðleika. Þær leiðir sem stjórnin valdi 1. des. eru orðnar að stefnu ríkisstjórnarinnar.

Aðalinntak þessarar stefnu er ekki að spyrna gegn verðbólgu né að tryggja fulla atvinnu eins og ráðherrarnir hafa haldið fram. Ef það væru ætlunin þá mundu ráðstafanirnar taka yfir lengra tímabil en aðeins þann dag sem laun eiga að hækka. Flestum finnst líka líklegt að ef efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar væri beint gegn einhverju öðru en launahækkunum þá hefði verið fjallað um þær 1. des. og 1. mars.

Staðreynd málsins er auðvitað sú að hin svokallaða vinstristjórn er í engu frábrugðin hægristjórninni. Eina markmið þeirra beggja er að halda laununum niðri og vernda gróða atvinnurekenda.

Þetta sáu launþegar meðan hægristjórnin sat við völd og tók því fullan þátt í því með Alþýðubandalagi og Alþýðuflokki að koma þeirri stjórn frá í síðustu kosningum. Nú hafa þessir sömu flokkar tekið fullan þátt í sömu kjaraskerðingarherferðinni. Nú heyrist ekki lengur frá þessum loddurum krafan um Samningana í gildi. Það eina sem kemst að er að ganga þvert á hagsmuni launþega eins og fyrirrennari ríkisstjórnarinnar gerði.

Þó var engu líkara en Alþýðubandalagið vaknaði með timburmenn eftir stjórnarsamstarfið þegar fréttist um áætlanir forsætisráðherra varðandi 1. mars. En sprikl þeirra tók skjótt enda. Sjálfsagt toga ráðherrastólarnir fastar í sálartetur alþýðubandalagsráðherranna en drengskapurinn um að standa við gefin loforð. Þetta sprikl Alþýðubandalagsins er því algerlega meiningarlaust. Alþýðubandalagið hefur étið ofan í sig öll stóru orðin sem lögðu grunn að sigri þess í síðustu kosningum.

Um Alþýðuflokkinn tekur vart að tala, stefnan sem höfð var uppi fyrir kosningar er svo steindauð að um hana fara ekki einu sinni dauðakippir lengur hvað sem gert er til að vekja hana til lífsins.

Gagnárás kínverja til að verja landamærin

Þann 17. febrúar hófu kínverjar gagnárás inn í Víetnam. Þessi árás er gerð til að refsa víetnömum vegna þeirra árása sem þeir hafa staðið fyrir að undanförnu á landamærunum. Víetnamar hafa gert 705 árásir á landamærahéruð Kína og í þessum átökum hafa 300 kínverjar fallið, bæði almennir borgarar og hermenn.

Á meðan víetnamar áttu í baráttu gegn heimsvaldasinnum veittu kínverjar þeim dyggilegan stuðning og efnahagsaðstoð og víetnamar kölluðu kínverja þá bestu vini sína en nú eftir að sigur vannst hafa **víetnamar snúið** við blaðinu. Nú eru kínverjar orðnir helsti óvinurinn og öll fyrri aðstoð gleymd. Þetta á alls ekki bara við um kínverja heldur og þau önnur ríki sem dyggilega studdu frelsisbaráttu Víetnams. Má þar nefna Kampuchea sem víetnamar eru nú í óða önn að leggja undir sig með hervaldi. Víetnamar standa ekki lengur með kúguðum þjóðum og frelsisbaráttu alþýðunnar. Þeir hafa stillt sér upp við hlið Sovétríkjanna og þjóna nú heimsvaldamarkmiðum þeirra.

Gagnárás kínverja inn í Víetnam er af allt öðrum toga spunnin en innrás víetnama inn í Kampuchea. Kínverjar ætla ekki að hertaka Víetnam eða koma ríkisstjórninni frá. Aðgerðin er eingöngu gerð til þess að stöðva yfirgang víetnama á landamærunum og þegar kínverjar hafa komið víetnömum í skilning um þetta munu þeir draga herlið sitt til baka.

Þessi gagnárás var neyðarúrræði sem var nauðsynlegt vegna þeirrar stefnubreytingar sem orðið hefur í Víetnam.

Krafa okkar er að Víetnam láti af drottnunarstefnu sinni og kalli allt herlið sitt burt frá Kamuchea. Það er ósk allra raunverulegra verkalýðssinna að hægt sé að leysa deilur þær sem nú hafa leitt til hernaðar á friðsamlegan hátt. Það verður þó ekki hægt nema víetnamar láti af árásum sínum á nágrannaríkin.

Kínverjar munu ekki halda eftir nokkru af því landi sem þeir hafa nú hertekið. Andstætt við heimsvaldasjónarmið víetnama er árásin gerð til að koma á friði og vernda sjálfstæði Kína með því að stöðva átökin sem víetnamar hafa staðið fyrir á landamærunum.

Verðhækkun á olíu og íslenska auðvaldið

framhald af baksíðu

sú að hinn almenni notandi greiðir niður kostnað þeirra stóru.

En ekki nóg með það. Lítum nánar á verðlagninguna. Verð þeirrar vöru sem seld er til Sovétríkjanna er ákveðið fyrir hvert ár en olíuverðið hækkar stöðugt í takt við heimsmarkaðsverðið. Þannig eru viðskipti hinna "sósíalísku" Sovétríkja við þær þjóðir sem þau geta beitt sér gegn.

En ekki er allt heldur talið því að olían er ekki seld hér sama verði og hún er keypt. Í töflunni hér að neðan er verði olíunnar skipt niður í nokkra liði fyrir árin 1976 og 1978.

Ár	Tegund kostnaðar	% af söluverði gasolía	% af söluverði svartolía
1978	Innkaupsverð:	68 %	73 %
	Þ.e. olían komin til landsins. (Samkv. samningum við Rússa ákvarðast söluverð hvers tonns af meðaltali verðs eins og það kemur fram á mörkuðum í Rotterdam og Curacao á þeim degi sem skip lýkur lestun. Við það verð leggst svo flutningsgjald (c.a. 6% af söluverði), vátrygging (ca. 0.6%) og leki (ca. 0.5 %).		
	"Opinber" gjöld	5.5%	8%
	Þ.e. tollar, innflutningsgjald, bankagjald, leyfisgjald, vörugjald, landsútsvar.		
	Dreifingarkostnaður:	24%	19%
	Þ.e. uppskipun og geymsluleki, álagning og verðjöfnun.		
1976	Innkaupsverð:	68.5%	69.9%
	"Opinber" gjöld	7%	10%
	Dreifingarkostnaður	19.2%	15.17%

Margt er athyglisvert í þessari verðákvörðun. T.d. er reiknað með að 0.5% af söluverði olíunnar leki, en það er um 0.8% af því verði sem olían er keypt á. Fyrir það fyrsta liggja ekki sektir við því að láta olíu leka í sjóinn? Og eru ekki bæði olíu- og skipafélög tryggð fyrir þannig slysum? Jú og svo er trygging in lögð ofan á verðið (0.6% af söluverði). Þessi liður sem er ekkert annað en auka þóknun til olíufélaganna, stuðlar helst að því að olíufélögin hafi minni áhuga á að ganga þannig frá útbúnaði sínum að olían leki ekki út og valdi þannig tjóni. Má í þessu sambandi nefna að fyrir tveim árum reyndust olíutankar á Kletti vera hriplekir. Þá sést einnig að stór hluti af þessum hækkunum eru bara opinber gjöld og gróðaaukning fyrir olíufélögin.

Mexícoforseti veitir Carter ákúrur

Jose Lopez Cortillo veitti Carter Bandaríkjaforseta harðar ákúrur í ræðu sem hann hélt er sá síðarnefndi kom í heimsókn til Mexico í vikunni sem leið. Sagði Cortillo m.a. að mexikanar væru meðhöndlaðir sem þriðja flokks borgarar í Bandaríkjunum og að þetta yrði að breytast, ef bandaríkjamenn vildu halda vináttu sinni við Mexico. Taldi hann, að nú reyndi á sanna vináttu ríkjanna, en Mexico hefur nýverið uppgötvað miklar olíulindir sem skipa því á bekk með auðugustu olíuríkjum veraldar. Hefur Cortillo fengið mikið lof fyrir ummæli sín í heimalandi sínu, en bandarískir


Herra Mannréttindi fékk rassskell í Mexíkó.

aðilar eru honum hins vegar reiðir fyrir hreinskilnina. En það er af sem áður var, nú er Bandaríkjunum nauðugur einn kostur, ef þeir vilja fá olíu frá Mexico, að viðurkenna villu síns vegar og gera yfirbót á ráði sínu.



...í Stuttu máli

SOVÉTRÍKIN FLÆKT Í SJÁLFSMORÐIN Í GUYANA

Skemmst er þess að minnast, er tæplega 900 manns féllu fyrir eigin hendi eða varðmanna ofsatrúarleiðtogans Jim Jones, í skógarbúðunum Jonestown í Guyana. Þegar þessir atburðir áttu sér stað voru starfsmenn Tass-fréttastofunnar ekki seinir á sér, að fordæma bandarískt þjóðfélag fyrir úrkynjun og spillingu sem lægi að baki þessum atburðum. Urðu og margir aðrir til að lasta Bandarísk yfirvöld af þessum sökum. En nú herma fregnir, að sovéskir starfsmenn KGB sem staðsettir séu í Guyana hafi verið mikið flæktir í málið. Bandaríska blaðið International Herald Tribune segir eftir heimildum í Georgtown, höfuðborg Guyana, að þriðji sendiráðsritari sovéska sendiráðsins í GeorgeTown, M. Timofeyev hafi haldið um það marga fundi með ofsatrúarklerknum og samstarfsmönnum hans, að flytja allan hópinn til ákveðins staðar við Svarta hafið. T. Timofeyev mun vera majór í KGB, að sögn blaðsins. Margt fleira bendir til þess að Sovétríkin hafi haft hönd í bagga með stjórn Alþýðuhofsins, sem svo var kallað af íbúum þess. Bæði fundust margir ritlingar og bækur í búðunum, sem notaðar voru til hugmyndafræðilegrar skólunar, sem fjalla um ágæti sovésku byltingarinnar og sovésks þjóðfélags í dag. Og eins hafa fundist bréf sem séra Jones sendi áleiðis til sovéska sendiráðsins, en af ókunnum ástæðum höfnuðu í höndum öryggislögreglunnar í Guyana, sem hafa að geyma orðsendingar þess efnis, að miðstjórn sovéska Kommúnistaflokksins skuli fá til ráðstöfunar 7.2 milljónir bandaríkjadala, sem trúflokknum hafði áskotnast og ætlaði að skilja eftir sig. Sovéska sendiráðið í George Town skilaði skjalatösku til utanríkisráðuneytis Guyana í janúarmánuði sem innihélt segulbandsupptökur og 87 þúsund guyanadali Ekki er vitað hvort sendiráðinu hafði borist meira fé eða fleiri segulbandsspólur, en skilað var í þessari tösku.

—o—

FORSETI CHAD Á FLÓTTA

Uppreisn Frolinat-skæruliða í Miðafríkuríkinu Chad virðist stefna í fullan sigur. Forseti landsins, Felix Malloum er flúinn á náðir frakka, en þeir hafa enn herbúðir og nær 1000 menn undir vopnum í landinu. Frolinat-samtökin njóta stuðnings Líbýu og foringi þeirra er Hisse Habres, sem um skeið hefur verið forsætisráðherra í stjórn Malloums. Mikið mannfall hefur orðið í Ndjamena, höfuðborg landsins og er enn óvíst um úrslit, þótt skæruliðar virðist hafa betur eins og er. Frakkar hafa hingað til haldið að sér höndum, en verja þó hverfi evrópumanna í borginni fyrir hugsanlegri árás.

Háskóli Íslands: Vísindastofnun eða hvað?

HÁSKÓLI ÍSLANDS
UNIVERSITAS ISLANDIAE

REKTOR

Reykjavík, 23. janúar 1979.

Prófessor Sigmundur Guðbjarnason

Í framhaldi af umræðum á síðasta háskólaráðsfundi út af miklum niðurskurði á rekstrarfjártillögum Háskóla Íslands fyrir árið 1979, er eftirfarandi beint til allra deilda og námsbrauta:

Gerð verði sem allra fyrst athugun á leiðum til sparnaðar í rekstri til þess að draga megi úr áhrifum niðurskurðarins. Gæti sú athugun m.a. beinst að eftirtöldum atriðum:

1. Kannaðir verði möguleikar á einhverri fækkun kennslustunda í námskeiðum, þar sem koma mætti við aukinni sjálfsnámi stúdenta.

2. Framboð valgreina verði endurskoðað með það í huga að úr því megi draga.

3. Athugað verði hvort ástæða sé til að halda uppi kennslu í námskeiðum, sem færri en 5 stúdentar sækja.

4. Endurskoðuð verði stærð hópa í dæmatímum og verklegum æfingum með það í huga af fækka megi endurtekningum.

5. Dregið verði eftir föngum úr ýmsum rekstrarkostnaði við verklega kennslu og rannsóknir.

6. Reynt verði að nýta að fullu kennsluskyldu fastráðinna kennara.

7. Fyrirkomulag prófa verði háð ákvörðun deilda og námsbrauta, en ekki einstakra kennara. Dæmi eru um að til viðbótar skriflegu prófi af fullri tímalengd koma ein eða fleiri heimaritgerðir með vægi í lokaeinkunn. Slíkt eykur kostnað við próf að mun.

Fleiri atriði kunna að koma upp við athugun.

Vísað er á kennslustjóra og háskólaritara til upplýsinga og samráðs.

Með bestu kveðju,

Guðlaugur Þorvaldsson
rektor

framhald af forsíðu

En nú hefur annað og ógeðslegra komið til. Auðvaldið á í kreppu um þessar mundir og ríkisstjórnin, sem hugsar fyrst um hagsmuni atvinnurekenda en lætur hagsmuni alþýðunnar sitja á hakanum, ætlar að styðja við bakið á atvinnurekendum. Sá stuðningur kemur niður á ýmsum aðilum, þ.á.m. Háskólanum. Ríkisvaldið ætlar að skera niður rekstrarfé skólans til muna - og það sem grófast er í þessu sambandi - rektor og Háskólaráð vilja að komið verði til móts við ríkisvaldið og þar með atvinnurekendur. Þetta sést best á bréfi rektors til allra deilda Háskólans en meðfylgjandi afrit er af eintakinu sem sent var deildarforseta Verkfræði- og Raunvísindadeildar. Óþarfi ætti að vera að fara mörgum orðum um innihald bréfsins, enda kemur berlega í ljós hvað verið er að fara. Í stað þess að mótmæla aðgerðum ríkisvaldsins og atvinnurekenda á að koma til móts við þær og þar með fer að verða lítið eftir af vísindastofnuninni Háskóli Íslands. Þróunin gæti orðið sú, ef ekki er gripið í taumana, að jafnvel verði á endanum eingöngu kennt það í Háskólanum sem skilar sér beint út í atvinnulífið sem gróði fyrir atvinnurekendur. Svona lagað hefur reyndar gerst í háskólum víða erlendis.

Bréf þetta kom fram fyrir u.þ.b. 3 vikum en lítið hefur verið rætt um það enn þá og eina blaðið sem hefur birt það er Stúdentablaðið. Þannig að ljóst er að reynt er að halda málinu leyndu. Einhver umræða hefur þó farið fram um það í hagsmunafélögum stúdenta og er hér birt ályktun frá Hagsmunafélagi Líffræðinema sem reyndar segir allt sem þarf að segja um bréfið.

Það er rétt að svona hlutir séu gerðir lýðum ljósir og mun Stéttabaráttan birta fleira um þetta mál sem upp kann að koma, m.a. niðurstöður deilda þegar þær liggja fyrir.

Óprúttin auglýsing

Til Háskólaráðs og Stjórnar Happdrættis Háskóla Íslands

Reykjavík 16.1. 1979.



Stjórn S.H.Í. mótmælir harðlega þeim árásum á yfirlýsta stefnu Stúdentaráðs Háskóla Íslands í málefnum Háskóla Íslands, sem fram koma í auglýsingum Happdrættis Háskóla Íslands í fjölmiðlum þessa dagana.

Stúdentar hafa ávallt varað við þeim hugmyndum sem komið hafa fram um aðild atvinnuveganna og þar með atvinnurekenda, í stjórnun skólans, í þeim tilgangi að stýra starfsemi skólans á braut þröngra hagsmuna atvinnuveganna / atvinnurekenda. Einnig hafa stúdentar barist gegn öllum tilhneigingum í þessa átt, meðal annars í baráttu gegn fjöldatakmörkunum og í baráttu fyrir tilverurétti hinna „óarðbærari" greina. Það hefur verið stefna Stúdentaráðs Háskóla Íslands undanfarin ár, og ekki farið leynt, að námið skyldi vera í þágu alþýðu, þess fólks sem kostar nám okkar. Því höfum við lagt áherslu á það að stúdentum gefist kostur á að stunda gagnrýnið nám.

Okkur þykir það því harkaleg og ómakleg árás þegar ein af stofnunum Háskóla Íslands eyðir peningum sínum til að auglýsa nær daglega í öllum stærstu fjölmiðlum landsins, slagorð sem ganga þvert á stefnu stúdenta, og sem vart er hægt að finna fót fyrir, hvorki í reglugerð né lögum Háskóla Íslands, að nám í skólanum skuli vera í þágu atvinnuveganna frekar en í þágu einhvers annars.

Skorar stjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands á Háskólaráð og stjórn Happdrættis Háskóla Íslands að beita sér þegar fyrir breytingum á auglýsingum þessum og verði setningin „Menntun í þágu atvinnuveganna" annaðhvort með öllu felld niður, eða í hennar stað komi „Menntun í þágu alþýðu" eða „Menntun í þágu fólksins í landinu".

F.h. Stjórnar Stúdentaráðs
Háskóla Íslands,
Bolli Héðinsson form
stjórnar SHÍ.

Að ofan: Greinin úr Stúdentablaðinu.
Lengst til vinstri: Rektorsbréfið.
Að neðan: Ályktunin frá Hagsmunafélagi Líffræðinema.

Fundur í Hagsmunafélagi líffræðinema lýsir yfir megnustu andúð á framkomnu bréfi rektors til deildarforseta um sparnaðarráðstafanir. Fundurinn bendir á að andi bréfsins er að láta Háskóla Íslands bera hluta af kreppu atvinnuveganna. Með þessu bréfi er vegið að frelsi Háskólans í þjóðfélaginu. Fundurinn harmar að rektor skuli hafa þá afstöðu að Háskólinn sé þjónustustofnun við atvinnuvegina.

Í framhaldi af þessu leggur fundurinn til að öllum ráðstöfunum í þessa átt verði vísað á bug.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Kappræðufundur um kvennahreyfinguna

15. febrúar sl. var kappræðu fundur milli Eik(m-l) og Rauðsokkahreyfingarinnar á Hótel Esju. Var salarfyllir eða um 200 manns. Umræðuefni fundarins var hvernig byggja skal baráttuhreyfingu kvenna. Frummælendur voru þrír frá Rauðsokkahreyfingunni og tveir frá EIK(m-l).

Í ræðum rauðsokka var fjallað um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar, hvernig hún varð til í kjölfar mikilla þjóðfélagsumræðna á síðari hluta 7. áratugsins.

Gerð var ítarleg grein fyrir starfi hreyfingarinnar frá '76 sökum þess að Eikarar hafa gagnrýnt Rsh mjög fyrir "starfsleysi" frá því baráttukonur EIK(m-l) (3konur) gengu úr hreyfingunni árið 1976.

Rauðsokkar telja að kvennahreyfingin verði að vera byltingarsinnuð en þó ekki undir flokksaga. Með því móti er hægt að skapa víðtækari samstöðu meðal fólks sem getur starfað saman að einstöku baráttumálum kvennahreyfingarinnar og er sammála um það ákveðna mál en etv. ósammála um ýmis önnur mál.

Í málflutningi Eikara kom fram að kvennahreyfingin eigi að vera undir flokksaga. Efst er kommúnistaflokkurinn (þ.e. EIK(m-l)) sem hefur umsjón og eftirlit með kvennahreyfingunni (sem að sjálfsögðu er 8. mars-hreyfingin). Kvennahreyfingin taki síðan þátt í samfylkingum t.d. með Rsh að vissum málum ef svo ber undir.

Eikarar telja Rsh enn sem komið er vera borgaralega og smáborgaralega. Telja þeir Rsh þó taka framsækna afstöðu í ýmsum málum, en oft vera afturhaldssama. Að þeirra mati er best að mynda aðra kvennahreyfingu en ekki að starfa í Rsh.

Í frjálsum umræðum bar margt á góma. Var spurningum beint til beggja aðila. Eikarar töluðu mikið um Rsh á æskudögum hennar. Fannst þeim t.d. aðgerðir hennar í byrjun helst til upphlaups- og fálmkenndar. Nefndu þær dæmin þegar blessuð kvígan var dregin á fegurðarsamkeppni og eins þegar gengið var með stóra brúðu (tákn húsmóðurinnar) niður í bæ. Fanns Eikurum alveg furðulegt að Rsh hefði ekki sprottið fram fullmótuð heldur eins og eðlilegt er haft sína barnasjúkdóma og verið stöðugt að þroskast til vits og ára.

Í heildina má segja að fundurinn hafi á margan hátt verið fróðlegur. Allt of lítill tími var þó fyrir frjálsar umræður. Hefðu fleiri komist í pontu ef Eikarar hefðu sleppt menningarefni sínu og kynningu á Október-forlaginu.

POLISARIO...

framhald af baksíðu

leiðendum heims. Nær því allt fosfat sem unnið er úr jörðu innan Marokkós er flutt til Sovétríkjanna.

Sá hluti Vestur-Sahara sem máretaníumenn hafa reynt að hernema er hins vegar ekki nærri eins auðugur af málmum í jörðu.

Mæðraheimili fyrir 8 eða Range Rover fyrir Hjörleif

Hræsni Alþýðubandalagsfulltrúanna í borgarstjórn er sér lík. Öll loforð þeirra um að félagsmál borgarinnar yrðu viðreist eru nú að fjúka út í veður og vind. Tillögur borgarstjórnarmeirihlutans um að hætta starfrækslu Mæðraheimilisins við Sólvallagötu, útideildar og Meðferðarheimilisins við Kleifarveg hafa nú komið til umræðu á borgarstjórnarfundi. Var samþykkt að falla frá því, að starfrækslu Meðferðarheimilisins yrði hætt, en hins vegar munu verða breytingar á útideild og Mæðraheimilinu. Borgarfulltrúar Alþýðubandalagsins bera því við, að fjárskortur leyfi ekki rekstur bæði Mæðraheimilis og nýs dagvistunarheimilis, milli þessa verði að velja. Í forsíðugrein Þjóðviljans s.l. föstudag segir "að spurningin væri hvers konar nýting á húsnæðinu að Sólvallagötu 10 væri einstæðum mæðrum best í hag - Mæðraheimili þar sem 8 mæður og börn þeirra gætu dvalist í senn, eða sem dagvistun fyrir tugi ungbarna." Á sama tíma og skera á niður 15 milljón króna fjárveitingu til mæðraheimilis, berast þær fréttir að iðnaðarráðherra Hjörleifur Guttormsson hyggist kaupa Range Rover til eigin afnota fyrir rúmar 13 milljónir. Stéttabaráttan getur ekki varist þessari spurningu: Hvað kemur einstæðum mæðrum betur, Mæðraheimili fyrir 8 eða Range Rover handa Hjörleifi?


Hjörleif langar að eignast fínan og dýran bíl.

Vinnutíma breytt á sjúkrahúsum

Ákveðið hefur verið að breyta vinnutíma alls vaktavinnufólks á ríkisspítölunum. Mun þessi breyting ná til bæði BSRB, BHM og Sóknarfélaga. Með þessum breytingum hyggst ríkið spara í launakostnaði og þá auðvitað á kostnað launþeganna.

Flest starfsfólk sjúkrahúsa hefur ekki fastan matar-og kaffitíma en á að geta fengið sér kaffi ef því verður við komið vegna vinnu. Vegna þeirra óþæginda sem af þessu stafar, hefur fólk sem vinnur fullan vinnutíma fengið greitt sérstakt álag fyrir þær 25 mínútur sem það annars hefði í kaffitíma.

Hjá BSRB mönnum hefur þetta verið þannig að eftir 8 tíma vakt fær fólk greiddar 25 mín. að auki, sem þá er í eftirvinnu.

Nú á hins vegar að stytta vaktirnar um 25 mín. og verður þá vinnutíminn að viðbættum kaffitímanum 8 tímar alls og ekkert í eftirvinnukaup.

Þar sem ekki hefur tekist að breyta því að 24 tímar séu enn í sólarhringnum, hlýtur að þurfa að láta fólk mæta á misjöfnum tíma á vakt. Það þýðir að aðeins hálft starfslið er í vinnu í 50 mín. við hver vaktaskipti og eykur slíkt mjög vinnuálagið.

Á skrifstofu SFR fengust þau svör að varla gætum við verið á móti hagkvæmni og sparnaði í ríkisrekstrinum og því væri þessi breyting sjálfsögð.

Hér er horft fram hjá því eina sem máli skipti: Á hvers kostnað er sparað.

Ríkisstjórnin þjónar atvinnurekendum

framhald af forsíðu

foringjarnir sjálfir við stjórnvölinn á ríkisvaldi borgarastéttarinnar. Þeir sjá sko um að halda aftur af baráttu samtaka launafólks.

Á sama tíma og núverandi ríkisstjórn ræðst með offorsi gegn alþýðu landsins er Sjálfstæðisflokkurinn að útmála sig sem andstæðan stefnu stjórnarinnar. En stjórnin er í raun aðeins að fylgja þeirri stefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði fylgt ef hann væri í stjórn. Landinu er nefnilega ekki stjórnað af Alþingi heldur mótast það af stéttabaráttunni í landinu.

Menn ættu sér til gamans að að bera saman Þjóðviljann og Morgunblaðið þegar þau annars vegar eru í stjórnarandstöðu og hins vegar í stjórn. Þá kemur nokkuð vel í ljós hversu lík þau í eðli sínu eru.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims. sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
8. tbl. 20/2 1979 8. árg.

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17B
101 R

Verðhækkun á olíu og íslenska auðvaldið

Reiknað er með miklum hækkunum á olíu á næstunni. Þetta er ekki nein ný bóla fyrir okkur Íslendinga, þetta er fastir liðir eins og venjulega. En hversvegna er olíuverðshækkunin tekin sérstaklega fyrir og lýst sem sérstakri ógæfu sem dynji yfir jafnóviðráðanlegt og náttúruhamfarir?


Ástæðan er einfaldlega sú að þarna fær ríkisvaldið óvænt tilefni til þess að lækka laun, hækka skatta og draga úr almenningsþjónustu án þess að verða kennt um það á nokkurn hátt. Þetta er allt olíufurstunum að kenna og hærra olíuverð eru búsifjar fyrir "þjóðarbúið".

En eru "búreikningarnir" ekki eitthvað málum blandnir? Jú, ekki er fjarri því. Þó liggja ekki allir pappírar á borðinu hvað olíukaupin varðar enda ekki lenska að sýna hjúum búreikninga.

Það vill nefnilega svo til að olíuverslunin er vöruskiptaverslun við Sovétríkin. Það er nefnilega leyndarmál seljanda og kaupanda hvernig verðákvörðun vörunnar er og hvernig verð hinna ýmsu olíutegunda er fundið. Til dæmis er verð hinnar margumtöluðu svartolíu varla fengið á þann hátt sem fullyrt er í opinberum heimildum. Samkvæmt þeim er verð olíunnar, sama um hvaða tegund olíu er að ræða, meðalverð hæsta og lægsta olíuverðs hverrar tegundar í Rotterdam.

Sú svartolía sem við fáum er sambærileg að gæðum og olía með seigju 100 S.R. /38°C.

Í línuritinu hér að neðan er það líkt og það sem merkt er Marine Diesel en ritið sýnir



Verð mismunandi olíutegunda á Evrópumarkaði miðað við verð gasolíu.

hlutfall mismunandi olíutegunda á mörkuðum Evrópu. Það verð sem er hér á landi er ekki 90% af verði gasolíu eins og taflan sýnir heldur nær verði lélegustu svartolíunnar sem seld er eða 63% af verði gasolíu.

Ástæðan fyrir þessu verður aftur skiljanleg þegar athugað er hverjir nota svartolíu hér á landi. Það eru aðallega loðnubræðslurnar (síldarbræðslur áður) og Sementsverksmiðja ríkisins. Staðreyndin er því

framhald á síðu 2.



Samfara hernaðarátökunum fer fram diplomatískt stríð. Hér sjást áheyrnarfulltrúar frá stjórn Pol Pots á fundi óháðra ríkja í Maputó nýlega. Til vinstri er forsætisráðherrann, Penh Nouth. - Kúbanir og Víetnamar reyndu allt hvað þeir gátu til að koma í veg fyrir að þessir fulltrúar fengju aðgang að fundinum.

Sigur í Kampucheu: Borgin Krek frelsuð

Í byrjun febrúar bárust þær fréttir frá Kampucheu að herir stjórnar Pol Pots hefðu frelsað borgina Krek við þjóðveg nr. 7 í suðurhluta landsins. Árás Víetnama á áður frelsaða borg, Takeo í suðvesturhlutanum, var hrundið.

Árásir hafa einnig verið gerðar á Phnom Penh þar sem 100 víetnamar féllu. Árásirnar hafa komið í veg fyrir fund æðstu manna Víetnams og leppstjórnar þeirra í Kampucheu, sem hefur verið frestað frá því um miðjan janúar.

Kampucheanska hernum tókst að berja á bak aftur sókn víetnama við borgina Takeo í samnefndu héraði í suðvestur Kampucheu. Víetnamska sóknin fylgdi í kjölfar frelsunar borgarinnar nýlega.

Krek frelsuð.

Kampucheaherinn vann stórsigur er hann náði á sitt vald borginni Krek við þjóðveg 7 sem liggur nærri landamærum Víetnams og héraðsins Kompong Cham í Kampucheu. Um 500 víetnamar hafa fallið og auk þess hafa þeir misst hergögn.

Skömmu síðar reyndu víetnamar að endurheimta Krek en urðu að láta undan síga til borgarinnar Kompong Cham í 60 km. fjarlægð.

Barist í Phnom Penh.

Stjórnarherinn heldur einnig áfram skæruhernaði í höfuðborginni.

Skæruhernaðurinn hefur leitt til þess að fundur leiðtoga Víetnams og "Einingarhreyfingarinnar fyrir frelsun Kampucheu" hefur ekki verið haldinn enn. Fundinn átti að halda í höfuðborginni um miðjan janúar.

Í útvarpssendingum stjórnar Pol Pots um síðustu mánaðamót var frá því sagt að um 100 víetnamskir hermenn hefðu verið felldir af skæruliðum stjórnarinnar frá 7. janúar.

Frelsun borgarinnar Krek bendir til þess að víglínan færist sunnar og austar í landið. Með þessu hefur einnig þjóðvegi 7 verið lokað en hann liggur frá landamærunum að höfuðborginni. Að því er virðist er aðeins þjóðvegur 1 opinn víetnömum til flutninga milli Víetnams og Phnom Penh.

Þögn íslenskra fjölmiðla.

Það er athyglisvert að því meiri sem sigrar stjórnar Pol Pots verða í Kampucheu þeim mun meiri verður þögn stærstu fjölmiðla landsins.

Ástæðan er kannski sú að þeim vefst tunga um tönn að útskýra það hvernig jafn grimm stjórn og þeir sögðu stjórn Pol Pots vera skuli fá jafn mikinn stuðning og raun ber vitni.

Polisario sækir á í Sahara

Lítið hefur heyrst í fréttum um frelsisbaráttu Polisariohreyfingarinnar í Sahara.

En nýjar fréttir bera með sér að hreyfingin hefur unnið sína mestu sigra frá því Marokko hernam Vestur-Sahara árið 1975.

Þann 16. og 17. jan. sl. gerði Polisario árás rétt norðan við höfuðborgina El Aiolin og eyddi tveimur herdeildum marokkóhersins.

Yfir 600 hermenn Marokkó féllu og 250 særðust og Polisario tók 51 stríðsfanga. Hreyfingin náði einnig miklum vopnabirgðum á sitt vald, 4 brynvarðar bifreiðar, 60 annarskonar farartæki, 80 jeppa, skotvopn auk smærri farartækja. Til viðbótar missti marokkóher orustuflugvél og 4 þyrlur.

Þessi stórsókn Polisario var nefnd Houari Boumedienne eftir hinum nýlátna leiðtoga Alsírs en þaðan hefur hreyfingin m.a. fengið stuðning.

Hernám landsins.

Vestur-Sahara var hernumin af nágrannaríkjunum Marokkó og Máretaníu í sameiningu fyrir fáum árum. Fyrst í stað lagði Polisario höfuðáherslu á skæruhernað gegn Máretaníu, enda er það veikari andstæðingur.

Þeir réðust gegn þeim við fosfatnámubæinn Zouerate og máretaníuher var hrakinn í varnarstöðu. Polisario beitti skæruhernaði og allsherjarsóknaraðgerðum.

Fyrrverandi forseti Máretaníu, Oved Daddah, var steypt af stóli, meðal annars vegna ófaranna í Vestur-Sahara. Nýi forsetinn, Duld Salek, hefur átt í erfiðleikum með að móta stefnu í þessu máli. Til dæmis mun hann eiga í miklum erfiðleikum með að fá hermenn og almenning til að styðja áframhaldandi hernaðaraðgerðir í Vestur-Sahara.

Marokkómenn hafa lítið reiknað með máretaníumönnum í hernaðinum gegn Polisario.

Fosfatið laðar að.

Marokkó er einkum á höttunum eftir hinum ríkulegu fosfatnámum við Bu Craa. Með yfirráð yfir þeim er Marokkó með mestu fosfatfram-

framhald á síðu 3



Polisariohreyfingin í Vestur-Sahara á mikinn stuðning íbúanna. Myndin sýnir fyrrum þingmenn á Djemaa, þingi landsins í tíð spánskra yfirráða, sem hafa nú valið leið vopnaðrar baráttu.